

hjer á landi einnig álíti ráðstöfun þá, sem að ofan er lýst, líklega til að efla framfarir í búnaði hjer á landi, og hvort búast megi við, að ungir efnilegir Íslendingar muni vilja nota tækifæri það, sem þeim býðst á þenna hátt til að læra verklegan búnað, og að endingu, hvort yfirvöldin hjer á landi muni vilja takast á hendur, að velja úr þá beztu og hæfustu af námspiltum þeim, er gæfu sig fram í þessu skyni. **110**  
2. nóv.

Ef til framkvæmdar kæmi á uppástungunni lofar búnaðarfelagið danska að útvega námspiltunum með aðstoð hins norska búnaðarstjóra (Landbrugsdirektör) góða og hentuga verustaði í Noregi, að láta þá fá nokkur búnaðarleg rit, sem þeir eignist að velafloknu námi, og að afhenda þeim diplom eða vitnisburðarbrjef um nám þeirra, og að endingu, að veita á ári 2 fátækum og efnilegum bændasonum íslezkum, sem vilji fara til Noregs í hinum umrædda tilgangi, 100 kr. styrk hvorum til ferðarinnar þangað og verunnar þar.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að skýra mjer frá þóknanlegu áliti yðar um uppástungu þá og tilboð, sem hjer liggur fyrir.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um gjald fyrir þinglestur á veðskuldabryjefi.** — Með þóknanlegu brjefi, 26. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn fyrirspurn frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjardarsýslu, um það, hvernig reikna eigi þinglestursgjald af veðskuldabryjefi, sem nefndum sýslumanni hefur verið sent til fyrirfram innritunar frá verzlun nokkurri og þarsem 5 hndr. í jörðu eru veðsett fyrir því, sem skuldunautur var orðinn skuldugur verzluninni um, einsog líka fyrir því, sem hann kynni að fá til láns við verzlunina eptirleidis. **111**  
2. nóv.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjardarsýslu, að jeg er yður og honum samdóma um, að gjaldið fyrir þinglestur á ofanáminnstu skjali, sem leggur veðband á fasteign, eigi ekki að takast eptir 30. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, og að með því að eigi eru í veðskuldabryjefinu sett nein takmörk fyrir upphæð skuldar þeirrar, sem veðsetningin er fyrir, þá sje það rjett, einsog sýslumaðurinn hefur gjört, að reikna þinglestursgjaldið eptir þeim hæsta mælikvarða sem ákveðinn er í 29. gr. áminnstrar reglugjörðar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um greiðslu kostnaðar við útvisun á landi til nýbýlis.** — Með þóknanlegu brjefi, 11. sept. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað reikning frá sýslumanninum í Ísafjardarsýslu yfir kostnað við útvisun á landi í Látravík á Ströndum til nýbýlis, er framkvæmd var af nefndum sýslumanni með 4 tilkvöddum mönnum 24. júní þ. á., og hafið þjer, samkvæmt beiðni sýslumannsins lagt það til, að kostnaður þessi verði ávísaður úr landssjóði með þeirri upphæð, er úrskurðuð yrdi af mjer. **112**  
3. nóv.

Reikningur sýslumannsins er saminn svo, að í honum er fyrst tilfærður kostnaður af sjóvegsflutningi fyrir sýslumann og hina tilkvöddu menn frá og til Látravíkur og þvínæst reiknaðir dagpeningar meðan ferðin stóð yfir, handa sýslumanni 2 kr. á dag, og handa hinum tilkvöddu mönnum 83 a. á dag fyrir hvern þeirra. En þjer hafið á-